

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 345/2007 um Rannsóknastofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands

1. gr.

Fjórða grein reglnanna um stjórn stofnunarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Deildarfundur lyfjafræðideildar skipar Rannsóknastofnun um lyfjamál sjö manna stjórn til þriggja ára í senn. Lyfjafræðideild tilnefnir einn fulltrúa innan deildar sem jafnframt er formaður stjórnar. Rektor tilnefnir einn fulltrúa í stjórn. Forseti lyfjafræðideildar tilnefnir fjóra stjórnarmenn frá samstarfsaðilum stofnunarinnar, sem samningar hafa verið gerðir við, sbr. 1. gr. og einn stjórnarmann frá öðrum samstarfsðilum innan Háskóla Íslands.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 12. júní 2007.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.